

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

#### 1. gr.

Sorphirðugjöld greiðast árlega sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæði 95.000 kr. í sorphirðugjald

Frístundahús (á skipulögðum frístundasvæðum) 47.500 kr. í sorphirðugjald

Innifalið í sorphirðugjaldi er eitt ílát fyrir blandaðan úrgang, eitt ílát fyrir pappa og pappír, eitt ílát fyrir lífrænan úrgang og eitt ílát fyrir plast.

Sorpgjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslu- og grenndarstöðva.

Gjald þetta er innheimt árlega samhliða fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjald fyrir eyðingu á dýrahæjum er innheimt af búfjáreigendum, sem eru með skráðan bústofn samkvæmt búfjárskýrslum Búnaðarstofu. Dýrahærin verða sótt til búfjáreigenda vikulega frá apríl til október og á tveggja vikna fresti frá nóvember til mars og komið í viðeigandi meðhöndlun.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Fjallabyggð verður sem hér segir á árinu 2025:

Sauðfé/geitfé 150 kr./grip

Nautgripir 900 kr./grip

Geldneyti/nautkálfar 500 kr./grip

Hross 600 kr./grip

Grísir 420 kr./grip

Hænsn 5 kr./grip

Gjald fyrir söfnun og eyðingu á dýrahæjum miðast við meðaltalsafföll í hefðbundnum búrekstri. Ekki er ætlast til að býli með umfangsmikla sláturstarfsemi nýti þjónustuna fyrir sláturúrgang. Þeim aðilum ber að semja beint við þjónustuaðila um förgun á sláturúrgangi.

Fjöldi gjalddaga verða tíu. Gjöld sem ekki ná 1.000 kr. falla niður. Ef gjaldið nær ekki 15.000 kr. á gjaldanda, verður öll upphæðin innheimt á fyrsta gjalddaga.

#### 3. gr.

Móttökugjöld fyrir flokkaðan úrgang:

*Rekstraraðilar:*

Greiða fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt/rúmmáli.

*Heimilissorp:*

Allir sem greiða sorphirðugjald eða sorpeyðingargjald fá árlega rafrænt klippikort sem inniheldur losun á 4 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi og gildir út árið. Til að komast inn á móttökustöðvar þurfa notendur að sýna klippikort. Einungis er klippt fyrir gjaldskyldan úrgang og tekið er á móti ógjaldskyldum úrgangi án klipps. Tilgangur klippikortsins er að flokkun verði markvissari og að kostnaður verði greiddur af þeim sem stofna til hans. Kortið veitir aðgang að svæðinu og því er nauðsynlegt að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á gámasvæðið hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan úrgang er að ræða. Hvert klipp er fyrir 0,25 m<sup>3</sup> sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu. Ef kortið dugir ekki út árið er hægt að kaupa aukakort sem inniheldur losun á 1 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi eða sem nemur fjórum klippum. Nýtt aukakort kostar 6.000 kr. og er ótímabundið.

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald frá íbúðum og sumarhúsum, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarða, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

#### 6. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu í Fjallabyggð er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisaukaskatts.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 12. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Fjallabyggð. Gjaldskráin var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar 12. desember 2024 og öðlast gildi 1. janúar 2025 og fellur þá gjaldskrá sama efnis nr. 1543/2023 úr gildi.

*Fjallabyggð, 13. desember 2024.*

**Sigríður Ingvarsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 27. desember 2024